

# STAFAKÖNNUN

## Til kennara/sérkennara

Tilgangur með framkvæmd stafakönnunar er að gera kennurum kleift að afla upplýsinga um stafabekkingu nemenda á fyrstu stigum lestrarnáms. Könnunin getur gefið upplýsingar um hvort nemandi þekki heiti, hljóð og geti ritað bókstafstákn og eins getur könnunin veitt upplýsingar um það hversu sjálfvirk færnin er orðin. Lagt er til að könnunin sé lögð fyrir grunnskólabörn við upphaf formlegrar lestrarkennslu, við lok stafainnlagnar hjá þeim hópi nemenda sem kennari telur að þurfi endurinnlögn eða hvenær sem kennari vill leita upplýsinga um stöðu stafabekkingar hjá nemendum sínum. Stafakönnunina má einnig nota í leikskólastarfi.

Sjálfvirk endurbekking á bókstafstáknum og bókstafshljóðum er mjög mikilvæg fyrir árangur í lestrarnámi. Nemandi sem ekki þekkir öll bókstafstákn og hljóð til hlítar mun eiga í erfiðleikum með að til-einka sér sjónrænan orðaforða, lesfimi og ritun og ekki er hægt að búast við að nemandi taki miklum framförum í lestri fyrr en hann hefur þessa fyllilega á valdi sínu. Framkvæmd könnunarinnar er tvíþætt þar sem fyrirlögn ritunarhlutans getur farið fram í litlum hópum.

Það er val kennara hvað hann kannar á hverjum tímapunkti (bókstafsheiti, bókstafshljóð og/eða ritun bókstafs) en bestar upplýsingar fást ef athugunin fer fram á öllum þáttum innan viku.

## Stafakönnun: Bókstafsheiti og hljóð

### Framkvæmd

Stafakönnun á þekkingu bókstafsheita og hljóða fer alltaf fram einstaklingslega. Mælt er með því að kennarinn taki fyrirlögn upp (bæði hljóð og mynd) en þannig getur hann einbeitt sér betur að nemandanum við fyrirlögnina og skráningin á frammistöðu barnsins verður nákvæmari.

1. Sjáðu til þess að það fari vel um barnið, að það sitji á stól og við borð sem hentar stærð þess. Sittu við hlið þess og tryggðu að umhverfið sé laust við áreiti og að ekki séu neinar vísbendingar í umhverfinu sem geti hjálpað því að muna heiti eða hljóð stafs (t.d. stafaspjöld og stafaföndur).
2. Láttu könnunina snúa niður þar til fyrirlögn hefst.
3. Segðu við barnið: „Nú ætla ég að sýna þér nokkra bókstafi til að sjá hvað þú kannt marga.“ Byrjaðu á hástöfunum og biddu barnið um að nefna heiti bókstafanna sem þú bendir á. Byrjaðu efst á blaðinu, fylgdu lesáttinni og hafðu blað yfir þeim bókstöfum sem barnið á eftir að lesa. Ef barnið nefnir hljóð hástafsins eða orð sem hefur hljóð bókstafsins sem upphafshljóð ítrekaðu beiðni þína um bókstafsheitið.
4. Endurtaktu ferlið með lágstafina þar sem þú biður barnið um að nefna heiti bókstafanna.
5. Leggðu lágstafina fyrir aftur og biddu barnið nú um að nefna hljóð bókstafanna með sama fyrirkomulagi og áður.
6. Ef barnið á í erfiðleikum með að nefna bókstafsheitin eða hljóðin skaltu fjarlægja blaðið, biðja það um að skoða stafablaðið vel og nefna þau bókstafsheiti/hljóð sem það þekkir.
7. Ljúkið fyrirlögn og skráið.

## Til athugunar

- Takið eftir því hversu stuttur eða langur umhugsunartíminn er. Langur umhugsunartími bendir til skorts á sjálfvirkni og þá er frekari þjálfunar þörf.
- Skráið hjá ykkur villur barns er varða útlitslíka (b-d-p og t.d. o/ó/ö) bókstafi.
- Skráið hjá ykkur villur barns er varða hljóðlíka (b/p, d/t, ð/þ, f/v, g/k) bókstafi. Gætið þess að barnið kunni að gera góðan greinarmun á líkum hljóðum en að því þarf að huga í innlögninni sjálfri.

## Stafakönnun: Ritun bókstafstákna út frá hljóði þeirra

Ritun bókstafstákns gerir að jafnaði meiri kröfur til stafaþekkingar nemenda en endurþekking á bókstöfum af blaði. Með því að kanna bókstafsþekkingu með ritun geta kennarar kannað hversu öruggur nemandinn er á bókstafstáknum og hljóðinu og hversu öruggur og nákvæmur stafadráttur er orðinn. Öryggi við stafadrátt er mikilvægt fyrir alla ritun því ef nemandi er óöruggur, eða þarf sífellt að vera rifja það upp hvernig hann dregur til stafs, getur það hindrað hann í að tileinka sér bæði tákna og hljóð en einnig verður öll ritun fyrirhafnar meiri og frekari á vinnsluminni nemandans.

## Framkvæmd

Skriflega stafakönnun má leggja fyrir nokkra nemendur í einu en það er mat kennarans hvort hann leggur könnunina fyrir í einni eða tveimur fyrirlögnum; það ræðst af aldri og getu nemenda. Æskilegast er að kanna bæði ritun há- og lágstafa en það er einnig mat kennarans hvort hann prófar hvort tveggja í sömu fyrirlögn eða ekki. Ef kennari velur að kanna aðeins há- eða lágstafi er lagt til að hann prófi lágstafi þar sem þeir eru algengari í rituðu máli.

- Hafðu nemendum eins nálægt þér og þú getur en þó ekki þannig að þeir sjái hver á könnun annars. Gættu þess að engar vísbendingar séu í umhverfinu þar sem athugun fer fram.
- Tryggðu að allir hafi vel yddaða blýanta og strokleður við hendina.
- Afhentu hverju barni eintak af könnuninni en láttu hana snúa niður þar til fyrirlögn hefst. Farðu yfir það á töflu hvernig spurningamerki eru skrifuð og segðu að þetta sé merkið sem þau eigi að skrifa ef þau muna ekki stafinn (kennurum er frjálst að nota aðra aðferð).
- Bentu nemendum á að það sé mjög mikilvægt að hafa alveg þögn og gefa öðrum ekki vísbendingar óvart (t.d. að segja upphátt „er það m eins og í mís?“).
- Útskýrðu fyrir nemendum að þeir eigi að skrifa bæði stóra og litla stafinn fyrir hvert hljóð en að stóru stafirnir fari undir stóru stjörnuna en þeir litlu undir litlu stjörnuna.
- Biddu börnin um að snúa könnuninni við og segðu „**Finnið tölustafinn ... og skrifið stafinn sem segir ...**“ og berið bókstafshljóðið skýrt fram. Minntu á að það eigi að skrifa bæði há- og lágstaf ef nemendum gleyma sér. Ef barn á í erfiðleikum með að rita bókstaf á það að skrifa spurningamerki og bíða eftir næsta hljóði. Litlu myndirnar við fimmta hvern tölustaf er hægt að nota til að kanna hvort nemendum hafi ekki farið línuvillt með því að spyrja „**Eru allir komnir á eplið?**“ Ef allir eru á réttri mynd eru allir á réttu róli.
- Ljúkið fyrirlögn og skráið.

**Til athugunar**

- Skoðið hvort dregið sé rétt til stafs og hvort nemandi speglar stafi.
- Skoðið hvort stafadráttur sé öruggur og hvort stafir sitji á línum.
- Skoðið grip um blýant.

**Úrvinnsla**

Á skráningarblaðinu getur kennari safnað saman niðurstöðum fyrir hvern nemandi og fengið mikilvægar upplýsingar um stöðu stafabekkingar hans. Upplýsingarnar á að nota til að finna veikleika í stafabekkingu og skipuleggja endurinnlögn og þjálfun til að tryggja að endurbekking bókstafa og hljóða og ritun bókstafanna verði fullkomlega sjálfvirk. Það er lykilatriði eigi nemandinn að komast upp á næsta stig í lestrarnámi sínu. Því er viðmiðið fyrir frammistöðu á könnuninni alltaf 100%.

# Skráningarblað kennara

## Nafn barns

---

Munið að tenging bókstafs og hljóðs þarf að vera fullkomlega sjálfvirk og eins þarf stafadráttur að vera alveg öruggur.

Hástafur	Heiti Já	Ritun Já	Lágstafur	Heiti Já	Hljóð Já	Ritun Já	Athugasemd
Á			á				
S			s				
Í			í				
A			a				
L			l				
Ó			ó				
R			r				
I			i				
Ú			ú				
M			m				
U			u				
E			e				
V			v				
O			o				
N			n				
Æ			æ				
J			j				
F			f				
É			é				
H			h				
T			t				
G			g				
Ð			ð				
Ö			ö				
B			b				
Ý			y				
þ			þ				
K			k				
D			d				
Ý			ý				
Au			au				
Ei			ei				
P			p				
X			x				
Ey			ey				

Vinna þarf betur með eftirfarandi bókstafi og hljóð:

---

## Bókstafsheiti – hástafir

Eintak nemanda

Á	S	Í	A	L	Ó	R
I	Ú	M	U	E	V	O
N	Æ	J	F	É	H	T
G	Ð	Ö	B	Y	Þ	K
D	Ý	Au	Ei	P	X	Ey

## Bókstafsheiti og hljóð – lágstafir

Eintak nemanda

á	s	í	a	l	ó	r
í	ú	m	u	e	v	o
n	æ	j	f	é	h	t
g	ð	ö	b	y	p	k
d	ý	au	ei		x	ey

# Ritun bókstafstákna út frá hljóði þeirra

## Eintak kennara

Fyrirmæli: „Finnið tölustafinn ... og skrifið stafinn sem segir ...“ Berið bókstafshljóðið skýrt fram. Munið að skrifa bæði stóra og litla stafinn (endurtakið eftir þörfum). Ef barn á í erfiðleikum með ritun bókstafs á það að skrifa spurningamerki og bíða eftir næsta hljóði. Litlu myndirnar er hægt að nota til að kanna hvort nemendur hafi ekki farið línuvillt með því að spyrja „Eru allir komnir á eplið?“ Ef allir eru á réttri mynd eru allir á réttu róli.

1	Á-á	19	É-é
2	S-s	20 	H-h
3	Í-í	21	T-t
4	A-a	22	G-g
5 	L-l	23	Ð-ð
6	Ó-ó	24	Ö-ö
7	R-r	25 	B-b
8	I-i	26	Y-y
9	Ú-ú	27	Þ-þ
10 	M-m	28	K-k
11	U-u	29	D-d
12	E-e	30 	Ý-ý
13	V-v	31	Au-au
14	O-o	32	Ei-ei
15 	N-n	33	P-p
16	Æ-æ	34	X-x
17	J-j	35 	Ey-ey
18	F-f		

# Ritun bókstafstákna út frá hljóði þeirra

Eintak nemanda

Nafn barns \_\_\_\_\_

Bekkur \_\_\_\_\_

Dagsetning \_\_\_\_\_

1			19		
2			20		
3			21		
4			22		
5			23		
6			24		
7			25		
8			26		
9			27		
10			28		
11			29		
12			30		
13			31		
14			32		
15			33		
16			34		
17			35		
18					